

Nr. 27/1989. Þriðjudaginn 27. nóvember 1990.
Búnaðarbanki Íslands

(Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

**skiptaráðandanum í Árnessýslu
 f.h. Þrotabús Stokkfishs hf.,
 póst- og símamálastjóra
 f.h. Póstgíróstofunnar
 og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs
 (Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.).**

Tékkar. Bankastofnanir. Frávisun að hluta.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1989. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því er varðar þrotabú Stokkfishs hf., en að dóminum verði hrundið um aðra stefndu og þeir dæmdir til að greiða honum 166.888 krónur með dráttarvöxtum á mánuði eins og hér greinir: 2,8% af 83.444 krónum frá 1. júní 1987 til 11. s.m., 2,8% af 166.888 krónum frá þeim degi til 1. júlí s.á., 3% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 3,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 3,5% frá þeim degi til 1. október s.á., 3,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 3,8% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4,1% frá þeim degi til 12. janúar 1988, en með hæstu dráttarvöxtum á mánuði samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags. Einnig leggist dráttarvextir við höfuðstól á 12 mánaða fresti til greiðsludags, í fyrsta sinn 1. júní 1988. Þá krefst hann greiðslu bankakostnaðar, 250 króna, svo og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu Póstgíróstofunnar og ríkissjóðs er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara er þess krafist, að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu þrotabús Stokkfishs hf. er ekki sótt þing fyrir Hæstarétti, en þrotabúinu var ekki löglega stefnt. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti, að því er þrotabúið varðar.

Tékkarnir, sem málið fjallar um, voru ekki endursendir í skilningi tékkaþaga nr. 94/1933, þegar í ljós kom við meðferð þeirra í greiðsluöfnunarskóð, að þeir voru innstæðulausir. Verður að meta það svo, að áfrýjandi hafi innleyst þá. Ber því með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms að staðfesta hann um þátt Póstgíróstofunnar og ríkissjóðs.

Áfrýjandi greiði 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti sameiginlega til Póstgíróstofunnar og ríkissjóðs.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti, að því er varðar þrotabú Stokkfishs hf.

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, að því er varðar stefndu póst- og símamálastjóra f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Áfrýjandi, Búnaðarbanki Íslands, greiði þessum stefndu sameiginlega 60.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. nóvember 1988.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 27. október sl., er höfðað hér fyrir þinginu með áskorunarstefnu, birtri 22. desember 1987.

Stefnandi er Búnaðarbanki Íslands, aðalbanki, Austurstræti 3, Reykjavík (1489-2958).

Stefndu eru Stokkfishkur hf. (8527-5992), Öxnalæk, Ölfushreppi, Árnes-sýslu, með skrifstofu að Hafnarstræti 18, Reykjavík, póst- og símamálastjóri f.h. Póstgíróstofunnar (7124-0150), Ármúla 6, Reykjavík, og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Póstgíróstofunnar.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu greiði in solidum skuld að fjárhæð kr. 166.888 ásamt 2,8% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 83.444 frá 1.6. 1987 til 11.6. 1987, en af kr. 166.888 frá þeim degi til 1.7. 1987, 3% frá þeim degi til 1.8. 1987, 3,4% frá þeim degi til 1.9. 1987, 3,5% frá þeim degi til 1.10. 1987, 3,6% frá þ.d. til 1.11. 1987, 3,8% frá þeim degi til 1.12. 1987, 4,1% frá þeim degi til þingfestingardags, en hæstu dráttarvöxtum á mánuði samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti til greiðsludags, í fyrsta sinn þann 1.6. 1988. Jafnframt

er krafist greiðslu bankakostnaðar, kr. 250, og málskostnaðar að mati réttarins.

Stefndi Stokkfiskur hf. lét sækja þing, en þingsókn féll síðar niður, án þess að varnir kæmu fram.

Stefndu póst- og símamálastjóri f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs v/Póstgíróstofunnar gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur riflegur málskostnaður úr hendi stefnanda, til vara, að málskostnaður verði felldur niður.

I.

Stefnandi kveður skuldina vera samkvæmt 2 framlögðum tékkum, hvorum að fjárhæð kr. 83.444, samtals kr. 166.888, báðum útgefnum af stefnda Stokkfiski hf. til greiðslu af tékkareikningi nr. 2218 hjá stefnanda.

Annar tékkinn sé á eyðublaði nr. 3376192, útgefinn 30.5 1987 til Póstgíróstofunnar og framseldur af henni og innleystur af Landsbanka Íslands, aðalbanka, þann 1.6. 1987. Hinn tékkinn sé á eyðublaði nr. 3376193, útgefinn 10.6. 1987 til Póstgíróstofunnar og framseldur af henni og innleystur af Landsbanka Íslands, Múlaútibúi, þann 11.6. 1987. Báðir tékkarnir hafi reynst innstæðulausir við sýningu í greiðslubanka á innlausnardegi, sbr. áritun á þá þar um.

Málið sé höfðað á grundvelli tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 24/1981, og rekið samkvæmt þeim og 17. kafla laga nr. 85/1936. Vegna varna þeirra, sem fram hafi komið í málinu af hálfu stefndu, taki stefnandi fram eftirfarandi um málavexti og málsástæður:

Ferli tékkanna í bankakerfinu hafi verið með ólíkum hætti. Fyrri tékkinn hafi að kvöldi verið sendur úr innlausnarbankanum til greiðslujöfnunarstöðvar í Reiknistofu bankanna. Þar hafi komið í ljós, að innstæða hafi ekki verið fyrir hendi á tékkareikningi útgefanda, stefnda Stokkfisks hf. Þrátt fyrir það hafi innlausnarbankinn fengið tékkann greiddan, en fjárhæð tékkans hafi verið skuldfærð á svonefndan „FIT-reikning“, þ.e. safnreikning innstæðulausra tékka hjá stefnanda, í samræmi við vinnureglur Reiknistofu bankanna. Tékkinn hafi því ekki verið skuldfærður á tékkareikningi stefnda Stokkfisks hf.

Síðari tékkinn hafi fengið aðra meðferð að því leyti, að hinn 11. júní, sama dag og honum var framvísað í banka, hafi verið tekin upp „skjallaus greiðsluskipti“ á milli bankanna á höfuðborgarsvæðinu. Tékkinn hafi því ekki verið sendur sjálfur í Reiknistofu bankanna, heldur geymdur í innlausnarbankanum og upplýsingar um hann símsendar til Reiknistofu bankanna. Tékkinn hafi því ekki borist sjálfur til greiðslubankans, fyrr en kallað hafi verið eftir honum í nóvember 1987 vegna innheimtuaðgerða. Tékka-

fjárhæðin hafi þó á sama hátt og við fyrri tékkann farið til innlausnarbankans af sjóðum greiðslubankans sjálfs, en ekki af reikningi útgefanda tékkans. Póstgíróstofan hafi því fengið báða tékkana greidda í innlausnarbanka, sem einnig hafi fengið fjárhæðir þeirra greiddar, og þeir hafi ekki verið skuldfærðir til baka á innlausnarbankann. Innlausnarbankanum hafi borið að fylla út sérstök eyðublöð um innstæðuleysi síðari tékkans og senda framseljanda hans, enda hafi greiðslubankinn ekki vitað, hver framseljandinn var, þar sem hann fékk ekki sjálfan tékkann í hendur.

Stefnandi haldi því fram, að framseljandi tékkanna, Póstgíróstofan, hafi fengið staðlaðar tilkynningar um, að tékkarnir væru innstæðulausir, frá Reiknistofu bankanna, nokkrum dögum eftir að hún fékk tékkana greidda. Tilkynningarskyldu skv. 42. gr. tékkalaga hafi því verið fullnægt.

Stefnandi leggur áherslu á eðli „clearing“-afgreiðslu þeirrar, er bankar hér á landi noti og Reiknistofa bankanna sjái um. Hér sé aðferðin sú, að greiðslubankinn eignist tékkann í gegnum greiðslujöfnunarstöð, þ.e. „clearing“, og hafi 10 daga til þess að innheimta innstæðulausan tékka og taka að þeim fresti liðnum ákvörðun um endursendingu tékkans og lokun reiknings. Greiðslubankinn geti því orðið eigandi tékka og innheimtuaðili, og því haldi skjalið áfram að vera „tékki“, þótt það sé komið til greiðslubankans á þennan hátt. Önnur aðferð sé nothæf, þ.e. að „honorera“ tékkann með því að bóka hann á reikning útgefanda og skuldfæra tékkann þar, og þá megi segja, að hlutverki tékkans sé lokið og hann verði þá dauður og ómerkur sem tékki. „Clearing“-aðferðin sé því önnur, og tékkinn haldi þar gildi sínu og hlutverki sem tékki.

Stefnendur mótmæla sérstaklega fullyrðingum stefndu og benda á, að sannað sé í málinu, að tékkarnir hafi verið innstæðulausir, og einnig, að krafan fyrnist á 7 mánuðum frá útgáfudegi tékkanna og sé því ófyrnd. Varnir stefndu, byggðar á reglum samvinnunefndar banka og sparisjóða um tékkaviðskipti, komist ekki að í máli þessu.

II.

Stefndu póst- og símamálastjóri f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Póstgíróstofunnar lýsa málavöxtum svo, að umrædda tékka hafi meðstefndi, Stokkfishur hf., notað til að greiða orlofsfé vegna orlofsársins 1986/1987. Póstgíróstofan hafi lagt báða tékkana inn á reikning sinn í viðskiptabanka sínum, Landsbanka Íslands, sem hafi framvísað þeim til greiðslu hjá stefnanda. Handhöfn stefnanda og yfirlýsingar sýni, að stefnandi hafi greitt Landsbankanum andvirði beggja tékkanna af eigin sjóði stefnanda. Póstgíróstofunni hafi engar athugasemdir borist vegna tékkanna. Það hafi fyrst verið með bréfi, sem borist hafi hinn 11. desember 1987, að stefnandi haldi því fram, að tékkar þessir hafi verið

innstæðulausir, þrátt fyrir þá staðreynd, að hann hafi greitt Landsbanka Íslands andvirði þeirra.

Ekki sé fallist á, að stefnandi eigi kröfu á hendur stefndu á grundvelli tékkalaga. Staðhæfingum stefnanda um, að tékkarnir hafi verið innstæðulausir á sýningardegi og að meðstefndi Stokkfiskur hf. hafi hvorki þá né síðar lagt andvirði þeirra inn á reikning sinn, sé mótmælt sem röngum og ósönnuðum.

Sýknukrafan sé í fyrsta lagi reist á því, að stefnandi eigi enga aðild að málinu, sbr. 45. gr. og a-lið 208. gr. laga nr. 85/1936.

Tékki sé greiðsluskjal, en ekki lánskjál. Eftir að tékki hafi verið innlestur af greiðslubanka, sem var stefnandi í þessu tilviki, eigi umferð tékkans að vera lokið. Grundvallarforsenda tékkalaganna, sem sett hafi verið árið 1933, hafi verið og sé enn, að tékkar eigi aðeins að vera borgunarskjöl.

Þessi meginregla komi alls staðar fram í ákvæðum tékkalaganna. Í umræðum um 3. gr. frumvarpsins á Alþingi hafi þessi skilningur skýrlega komið í ljós. Ákvæði 3. og 4. gr. sýni, að tilgangurinn hafi verið, að tékkum yrði treyst sem greiðsluskjölum, og þess vegna hafi verið lýst refsivert að gefa út innstæðulausa tékka. Af ákvæðum 12. og 18. gr. sé ljóst, að ábyrgð framseljanda sé til vara, og þegar reglur tékkalaganna séu skoðaðar í heild og bornar saman, sé ljóst, að þær stefni allar að því að treysta trú manna á tékkum. Tékka sé ætlað sérstakt hlutverk, að vera greiðsluskjal, sem komi í stað reiðufjár. Vixill geti verið það, en hlutverk hans sé ekki takmarkað við það. Tékkinn sé hins vegar ónothæfur sem lánskjál, eins og reglur tékkalaganna sýni ljóslega. Hann sé undanþeginn stimpilskyldu, og hann sé innleysanlegur án tafar. Strangar reglur séu um, hverjir geti framselt tékka, og greiðslubanki geti það ekki. Beinlínis sé tekið fram í 3. mgr. 15. gr. laganna, að framsal frá greiðslubanka sé ógilt, og í 5. mgr. sé tekið fram, að framsal til greiðslubanka sé einungis gilt sem kvittun.

Ákvæði sjöunda kafla tékkalaga sýni öll, að greiðslubanki geti ekki verið handhafi tékka. Stefnandi í máli þessu, sem er greiðslubanki tékkanna, sé því ekki tékkahafi í skilningi tékkalaga og eigi því ekki lögvarinn rétt á hendur stefndu samkvæmt 40. og 44. gr. laganna til að krefja þá um fullnustu þeirra. Skýrt komi fram í 40. gr., að varaábyrgð framseljanda verði fyrst virk, þegar greiðslubanki hefur neitað greiðslu tékkans og að það sé sannað og að sýning tékkans hafi verið innan 30 daga. Það sé því neitun greiðslubankans á greiðslu, sem leysi úr læðingi varaábyrgðina. Greiðslubankinn geti því ekki verið „handhafi“ tékka í skilningi 1. mgr. 40. gr., og hann eigi engin önnur úrræði gagnvart innstæðulausum tékkum en að neita um greiðslu. Leysi hann tékkann til sín þrátt fyrir skort á innstæðu, eigi hann ekki aðgang að öðrum tékkaskuldurum en útgefanda. Yfirlýsing greiðslubankans um greiðslufall sé í 40. gr. talin lögfull sönnun, og það

sýni, að greiðslubanki sé ekki talinn aðili. Allt byggist á þeirri grundvallarforsendu, að greiðslubankinn sé ekki handhafi tékka.

Í öðru lagi sé sýknukrafan reist á því, að ósannað sé, að tékkarnir hafi verið innstæðulausir. Upplýst sé í málinu, að ekki hafi verið gætt réttara aðferða skv. 40. gr. tékkalaga við að halda tékkakröfu í gildi. Landsbanki Íslands hafi fengið tékkana greidda úr sjóðum stefnanda, og svokallaður „FIT-reikningur“ sé eigin reikningur stefnanda. Upplýst sé, að „clearing“-kerfið veiti heimild til að senda tékka til innlausnarbankans innan 10 daga, sem sé rúmur tími. Þetta kerfi hafi lengi verið notað, og ekkert sé athugað vert við það, og það hafi reynst vel. En hér hafi stefnandi tekið við tékkunum og greitt þá af eigin reikningi. Engin yfirlýsing sé á tékkunum, að greiðslu hafi verið synjað. Stefnandi hafi hins vegar einhvern tímanna áritað ódagsetta, óstaðfesta, einhliða fullyrðingu sína um, að tékkarnir hafi verið innstæðulausir þann 1. og 11. júní. Þessi yfirlýsing hafi ekkert sönnunargildi og fullnægi auk þess ekki skilyrðum 2. og 3. tl. 1. mgr. 40. gr. og samrýmist ekki þeirri staðreynd, að stefnandi greiddi viðskiptabanka Póstgíróstofunnar andvirði tékkanna.

Í þriðja lagi sé um að ræða aðgerðarleysi og tómlæti stefnanda, sem felli niður tékkakröfu, hafi hún einhvern tímanna verið fyrir hendi. Þegar 42. gr. sé skoðuð í heild, sé ljóst, að allar tilkynningar skuli senda strax og að eingöngu lítills háttar frávik frá ákvæðunum komi til greina. Fyrning fari eftir 2. mgr. 52. gr., og krafa stefnanda sé því fyrnd, þar sem stefnan hafi ekki verið birt innan tilskilins 6 mánaða frests, frá því að stefnandi leyti tékkana til sín.

III.

Stefndi Stokkfishur hf., útgefandi tékka þeirra, sem mál þetta fjallar um, hefur látið sækja þing í málinu, en engum andmælum hreyft við stefnukröfum. Ber að taka kröfur stefnanda á hendur honum til greina að öllu leyti og dæma hann auk þess til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000.

Stefnandi er greiðslubanki tékkanna. Tékkarnir voru innleystir af stefnanda frá innlausnarbanka og ekki endursendir, þegar í ljós kom, að þeir voru innstæðulausir. Þar með var umferð tékkanna lokið og hlutverki þeirra sem greiðsluskjala. Þar sem stefnandi er greiðslubanki, er hann ekki tékkahafi í skilningi tékkalaga nr. 94/1933 skv. 19. gr., sbr. 3. mgr. 15. gr. Hann á því ekki rétt skv. sjöunda kafla laganna til þess að krefja aðra stefndu um fullnustu tékkanna, enda hefði ábyrgð þeirra á tékkunum einungis komið til, ef stefnandi hefði neitað greiðslu þeirra, sbr. 1. mgr. 40. gr. laganna. Þegar af þessari ástæðu ber að taka til greina sýknukröfu annarra stefndu og dæma stefnanda til að greiða þeim málskostnað, sem ákveðst kr. 60.000.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu póst- og símamálastjóri f.h. Póstgíróstofunnar og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Póstgíróstofunnar skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, í máli þessu, og skal stefnandi greiða þessum stefndu kr. 60.000 í málskostnað.

Stefndi Stokkfishkur hf. greiði stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, kr. 166.888 ásamt 2,8% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 83.444 frá 1.6. 1987 til 11.6. 1987, en af kr. 166.888 frá þeim degi til 1.7. 1987, 3% frá þeim degi til 1.8. 1987, 3,4% frá þeim degi til 1.9. 1987, 3,5% frá þeim degi til 1.10. 1987, 3,6% frá þeim degi til 1.11. 1987, 3,8% frá þeim degi til 1.12. 1987, 4,1% frá þeim degi til 12.1. 1988, en hæstu dráttarvöxtum á mánuði samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands frá þeim degi til greiðsludags, er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1.6. 1988, og kr. 250 í bankakostnað og kr. 25.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.
